

Snæfellsbær
Davíð Viðarsson,
skipulags- og byggingarfulltrúi
Klettsbúð 4, Hellissandi
360 SNÆFELLSBÆR

Garðabær, 27. janúar 2016
2016010038/42-0
TB
jgo/tb

Hótel Búðir, skipulagslýsing vegna fyrirhugaðrar stækkunar hótelsins

Vísað er til bréfs frá Snæfellsbæ, dags. 14. janúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu vegna stækkunar Hótel Búða í friðlandinu í Búðahrauni sbr. auglýsingu nr. 357/1979.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir skipulagslýsinguna. Af loftmyndum að dæma verður stækkun hótelsins að mestu leyti á röskuðu svæði og ekki líklegt að hún hafi áhrif á jarðmyndanir og/eða lífríki en áhrifin fyrst og fremst sjónræns eðlis og hugsanlega verða áhrif á umferð fólks meðfram strönd Búðaróss. Austasti hluti fyrirhugaðrar byggingar verður, af myndum að dæma, nánast ofan í fjöru. Það er því ábending Náttúrufræðistofnunar hvort ekki megi koma með betri skipulagstillögu um þennan hluta byggingarinnar. Náttúrufræðistofnun þykir rétt að benda á að framangreind staðsetning er líkleg til að hafa áhrif á aðra gesti, en hótलगesti, sem fara um svæðið. Þ.e. virkað sem takmörkun á almannarétti auk þess sem þrengsli skapa einnig vissa hættu á áníðslu.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt til að koma að frekari athugasemdum þegar deiliskipulagstillagan liggur fyrir.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

